



12. desember 2022

Tilv.: 2211157

Alþingi
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 59. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd dags. 28. nóvember 2022 þar sem óskað er eftir umsögn bankans um ofangreint frumvarp.

Frumvörp sem stefna að sama markmiði og frumvarp þetta hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður, síðast á 152. löggafarþingi. Frumvarpið er efnislega óbreytt frá síðasta þingi þar sem Seðlabankinn skilaði umsögn, dags. 21. mars 2022. Í umsögninni vísaði Seðlabankinn til umsagna bankans um samskonar frumvörp þann 10. desember 2009, 4. apríl 2014, 5. febrúar 2020 og 10. nóvember 2020 þar sem m.a. var bent á efnahagsleg áhrif sem slík lagasetning gæti haft. Jafnframt var vísað til fyrri umsagna Fjármálaeftirlitsins (nú Íjarmálaeftirlit Seðlabanka Íslands) við sambærileg frumvörp þann 9. júlí 2009, 7. desember 2009 og 20. apríl 2012 þar sem bent var á að „yrði frumvarpið að lögum gæti það haft veruleg áhrif á endurheimtur lána hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum, og þar með veruleg áhrif á afkomu einstakra aðila“. Þá skilaði Seðlabankinn umsögn þann 21. júní 2013 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi.

Seðlabankinn telur flest af því sem fram kemur í ofangreindum umsögnum enn eiga við og áréttar því þau sjónarmið sem þar er lýst.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra

SEÐLABANKI ÍSLANDS